

Nd.

687. Frumvarp til laga

um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við útreikning visitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í visitölunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og visitoluverði kjöts þess, er um ræðir í 1. gr., skulu menn, með undantekningum þeim, er í 3. gr. segir, má endurgreiddan árlega úr ríkissjóði

frá 20. sept. 1945. Niðurgreiðslan skal þó eigi nema meiru en sem svarar verðmis-mun á 40 kg á nýju kjöti á ári fyrir hvern mann og hvern þann, er hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

- Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:
1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
 2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
 3. Þeir, sem fá laun sin greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattaneftndir eða skattstjóri i hverju umdæmi skulu um leið og samin er skrá um tekju- og eignarskatt, semja skrá um alla þá, sem rétt eiga á niðurgreiðslu á tímabilinu frá 20. sept, næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlething kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattaneftndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður.

Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeigandi.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en rikisstjórnin skal láta fram fara endurskoðun á þeim og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu á tímabilinu frá 20. sept. til 20. des. 1945 fer samkv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 81 frá 29. sept. 1945. Niðurgreiðslur fyrir tímabilið frá 20. des. 1945 til 20. sept. 1946 falla í gjalddaga á manntalsþingum 1946.